



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**43. fundur eigendafundar Strætó bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 4. september 2023
og hófst hann kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Alexandra Briem, Andri Steinn Hilmarsson, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Magnús Örn Guðmundsson, Jóhannes Rúnarsson, Almar Guðmundsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga 2024 - 2307010

Meginforsendur og fyrstu drög að fjárhagsáætlun Strætó bs. 2024 og fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. 2024-2028. Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. og Magnús Örn Guðmundsson formaður stjórnar Strætó bs. kynna.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Áfram verður unnið að gerð fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2024 og er frekari umræðu frestað til næsta eigendafundar.

2. Útvistun í rekstri Strætó bs. - 2105001

Endurnýjunarþörf strætisvagna og tillögur um útvistun tiltekinna akstursleiða til að draga úr fjárfestingarþörf.

Umræðum um þennan lið var frestað á 42. eigendafundi Strætó bs.

Niðurstaða:

Umræðu um þennan lið er frestað til næsta eigendafundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30.